

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 422 (15.8.2012)

- Málsnúmer** : 1210123
- Málsaðili** : Húsfélagið Dalshrauni 11
- Niðurstaða (stutt)** :
- Fundardagur** : 15.08.2012
-
- Inngangur** : Húsfélagið Dalshrauni 11. leggur inn 12.10.2011 fyrirspurn um að fjölga bílastæðum, framkvæmdin er engöngu á bæjarlandi. Hún felur í sér að búa til bílastæði á eyjum(gras) og minnka innkeyrslugatið inn á bílastæði frá Stakkahrauni. Eigendur hússins krefjast þess að lóðarmörk hússins verða færð yfir verðandi nýju bílastæði enda stendur til að húsfélagið fjarmagni alla framkvæmdina. Sjá meðfylgjandi gögn. Skipulags-og byggingarfulltrúi óskaði 13.06.2012 eftir umsögn Umhverfis-og framkvæmdasviðs,sem tók jákvætt í breytingarnar 20.06.2012.
- Niðurstaða** : Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur jákvætt í erindið svo fremi sem bílastæði sé innan lóðar. Til að fá pláss fyrir bílastæði í viðbót þarf að sækja um lóðarstækkun til bæjarráðs. Lóðarhafi mun bera allan kostnað við framkvæmdina og alla aðlögun að bæjarlandi.